

Tillaga til 493. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 7. apríl 2022

Tillaga frá 1194. fundi bæjarráðs, sem fram fór 4. apríl 2022, um að bæjarstjórn samþykki að veita styrk til Edinborgarhússins til ráðningar rekstrar- og viðburðastjóra vegna ársins 2022, og er miðað við laun skv. framlögðum gögnum. Fjárhæð styrks mun taka mið af tímasetningu ráðningar.

Jafnframt lögð fram tillaga bæjarstjóra um að samþykkja viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun 2022, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu er lækun rekstrarafgangs um kr. 7.500.000.

14. Framtíð og rekstur Edinborgarhússins - 2017100071

Lagt fram erindi stjórnar Edinborgarhússins, dags. 31. mars 2022, varðandi beiðni um styrk til ráðningar starfsmanns við húsið, auk yfirlits um uppsetningu launa. Jafnframt lagt fram minnisblað Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, dags. 31. mars 2022, vegna málsins.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita styrk til Edinborgarhússins til ráðningar rekstrar- og viðburðastjóra vegna ársins 2022, og er miðað við laun skv. framlögðum gögnum. Fjárhæð styrks mun taka mið af tímasetningu ráðningar.

Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra að útbúa viðauka að fjárhæð kr. 7.500.000 vegna málsins og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.